

FW: Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2015

Til : Ágúst Sigurðsson
Frá : Rangárþing Ytra
Heiti : FW: Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2015
Málsnúmer : 1509020
Málsaðili : Samband Íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 02.09.2015 12:52:10
Höfundur : Rangárþing Ytra
Viðhengi [image001.gif](#)[image001.gif](#)

From: Magnús Karel Hannesson [mailto:magnus.karel.hannesson@samband.is]

Sent: 2. september 2015 12:17

To: Magnús Karel Hannesson; Sigríður Inga Sturludóttir

Subject: Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2015

Þar sem komið hefur í ljós að neðangreindur póstur, sem sendur var 1. september sl., hefur ekki borist öllum viðtakendum er hann sendur út aftur.

Beðist er velvirðingar á þessu mistökum.

Til allra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 1. september 2015

1410129SA MKH/- Málalykill 048

Árleg fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin fimmtudaginn 24. september og föstudaginn 25. september á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu við Suðurlandsbraut í Reykjavík.

Ráðstefnan hefst fyrri daginn kl. 10:00 með ávarpi formanns sambandsins, Halldórs Halldórssonar, en síðan mun Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra ávarpa ráðstefnuna. Í beinu framhaldi fara fram samræður formanns sambandsins og félags- og húsnæðismálaráðherra um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, stöðuna í húsnæðismálum og leiðir til úrbóta ásamt ýmsu fleira sem fellur undir verkefni ráðherra og varðar sveitarfélögin, undir stjórn Sigmundar Ernis Rúnarssonar fréttamanns.

Þá verða flutt margvísleg erindi um fjármál sveitarfélaga og fleira, en fyrri ráðstefnudeginum lýkur með því að Bragi Valdimar Skúlason og Brynja Þorgeirsdóttir fjalla um orðbragð sveitarstjórnarmanna áður en boðið verður upp á léttar veitingar.

Síðari ráðstefnudeginum verður að venju skipt upp í tvo hluta, þar sem fjallað verður um margvísleg málefni sem snúa að fjármálum og rekstri sveitarfélaga. Ráðstefnunni mun ljúka kl. 12 á hádegi 25. september.

Dagskrá ráðstefnunnar má finna á [vef sambandsins](#) og þar fer einnig fram skráning á ráðstefnuna.

Skráningu lýkur **mánudaginn 21. september** og eru sveitarstjórnarmenn og aðrir vinsamlega beðnir um að virða þau tímamörk.

Þátttökugjald er 16.500 kr. og eru innifaldar í því allar veitingar og fundargögn.

Við bókun á gistingu á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu má vísa til bókunarnúmersins 203994.

Virðingarfyllst,

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Magnús Karel Hannesson

sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

Beint innval: 51 54 911

Netfang: magnus.karel.hannesson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 51 54 900 // Fax: 51 54 903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.